



Minnisblað til fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 5. október 2022

Málsnúmer: 202208785/13.10

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Linda Udengård, framkvæmdarstjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar

Stjórn Sammos, Samtök foreldrafélaga grunnskóla Mosfellsbæjar sendu inn erindi þess efnis að Mosfellsbær endurskoði fyrirkomulag frístundarútu, tímasetningar og þjónustu. Óskað var eftir að frístundahring væri bætt við að loknum æfingum hjá Aftureldingu kl 16.

Nú þegar eru eknir gjaldfrjálst þrjár hringir fyrir yngstu 2 árgangana á milli skólasvæða og íþróttamiðstöðva í Mosfellsbæ kl. 14:30, 15:00 og 15:30. Skráð er í þessar ferðir hjá frístundaseljum og eru þær mis mikið nýttar eða frá einu barni upp í 40.

Kostnaður við þessar þrjár ferðir er um 800 þúsund á mánuði auk launakostnaðar starfsmanns. Til að bæta við einni ferð í akstri kl. 16:15 yrði kostnaður Mosfellsbæjar á ársgrundvelli 2,6 milljónir fyrir akstursþjónustu og um 1 milljón í launakostnaði starfsmanns sem fylgir börnum í frístundabílinn eða um 400 þús. á mánuði.

Til upplýsinga um frístundaakstur á höfuðborgarsvæðinu

Í Reykjavík og í Kópavogi eru frístundarútur á ábyrgð íþróttafélaganna og ekki er gert ráð fyrir því að bílar aki börnunum til baka að lokinni æfingu og börnin því á ábyrgð foreldra eftir að æfingum lýkur. Flest íþróttafélögin, svo sem Valur, Þróttur, Fylkir, Ármann innheimta gjald fyrir þessa akstursþjónustu. Íþróttafélagið Fjölur nýtir eingöngu almenningssamgöngur og þá er starfsmaður íþróttafélagsins með í för. Fjölur innheimtir gjald fyrir þá fylgd en frítt er fyrir öll börn undir 12 ára aldri í almenningssamgöngur.

Tillaga:

Lagt er til að farið í tilraunaverkefni sem felst í því að bæta við einum hring frá Varmá skóla kl. 16:15 sem ekur eftirfarandi leið: Hefur akstur við íþróttamiðstöðina að Varmá, ekur þaðan í Helgafellsskóla, næst í Krikaskóla og Lágafellsskóla, hringnum lýkur aftur við íþróttamiðstöðina að Varmá. Ekið yrði frá 27. október til og með 20. desember n.k. og þá yrði verkefnið endurskoðuð með tilliti til nýtingar og breytinga á fyrirkomulagi frístundarútu. Viðbótarkostnaður fram að áramótum væri um 900.000 krónur sem mætt verður innan fjárhagsáætlunar 2022.

Virðingarfyllt,

Linda Udengård
Framkvæmdarstjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar